

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Efni:

***Endurskoðuð aðgerðaráætlun
ferðamálastefnu Reykjavíkur 2017-2020***

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 27. mars sl. samþykkti menningar- og ferðamálaráð fyrir sitt leyti endurskoðaða aðgerðaráætlun ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2017-2020. Aðgerðaráætlunin er send borgarráði til staðfestingar.

f.h. menningar- og ferðamálaráðs

Auður Halldórsdóttir

verkefnastjóri
skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:
Aðgerðaráætlun ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2017-2020

**AÐGERÐAÁÆTLUN
FERÐAMÁLASTEFNU
REYKJAVÍKURBORGAR
2017 – 2020**





FERÐAMÁLASTEFNA

Árið 2011 setti Reykjavíkurborg sér metnaðarfulla stefnu í ferðamálum fram til ársins 2020. Framtíðarsýn Ferðamálastefnunnar var að Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring og með því verði rennt styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf, uppbyggingu innviða, skapandi vöruþróun, menningarstarf í borginni og samræmt kynningarstarf.

Ferðaþjónustan og umgjörð hennar hefur þróast hratt á liðnum árum og nú, 5 árum eftir að Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt, eru margar aðgerðanna orðnar að veruleika og aðrar eiga ekki jafn mikið erindi nú og áður.

Mótuð hefur verið ný aðgerðaáætlun við ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar sem nær til ársins 2020. Aðgerðaáætlunin byggir á fjórum meginstoðum Ferðamálastefnunnar sem eru grunnur fyrir langtímaaðgerðir og undirstrika styrkleika Reykjavíkur:

- **Menningarborg**
- **Heilsuborg**
- **Ráðstefnuborg**
- **Vetrarborg**

Markmið og leiðarljós Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar voru til grundvallar vinnu við mótnun nýrrar aðgerðaáætlunar og er til þess fallin að takast á við ný tækifæri og nýjar áskoranir í ferðaþjónustu sem hefur verið megindrifkraftur hagvaxtar hér á landi.

Aðgerðaáætlunin tekur einnig mið af leiðbeiningum Alþjóðaferðamálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNWTO) um efnahagsleg, samfélagsleg, menningarleg og umhverfisleg áhrif ferðamennsku til að viðhalda sjálfbærni í þessari undirstöðu atvinnugrein þjóðarinnar.

Gert er ráð fyrir að aðgerðaráætlunin sé uppfærð árlega samhliða gerð starfsáætlunar fyrir komandi ár.

LYKILÞÆTTIR OG MEGINSTOÐIR AÐGERÐAÁÆTLUNAR

	MENNINGARBORGIN	RÁÐSTEFNUBORGIN	HEILSUBORGIN	VETRARBORGIN
	M AÐGERÐIR	R AÐGERÐIR	H AÐGERÐIR	V AÐGERÐIR
ÁBYRGÐ				
INNVIÐIR				
VÖRUÞRÓUN				
KYNNINGARMÁL				

FRAMTÍÐARSÝN





FORGANGSAÐGERÐIR 2017 – 2020

Áframhaldandi uppbygging ferðapjónustu í Reykjavík byggir á fjórum grunnforsendum, ábyrgð, góðum innviðum, skapandi vöruþróun og markvissri kynningu og markaðssetningu.

Reykjavíkurborg getur beitt sér fyrir því að þróa affþreyingu og tækifæri til upplifunar í samvinnu við hagaðila í ferðapjónustu og skapandi greinar. Öflug vöruþróun sem studd er markvissu kynningarstarfi er forsenda að góðri langtímaþróun áfangastaðarins Reykjavíkur.

ÁBYRGÐ

Aðgerðir borgarinnar er lúta að ferðapjónustu séu metnar með hagsmuni íbúa, ferðamanna og ferðapjónustunnar í Reykjavík að leiðarljósi.	2017: Ábyrgð: Höfuðborgarstofa	Aðgerð er í ferli.
Meta þolmörk íbúa gagnvart ferðapjónustu í borginni með framkvæmd árlegrar könnunar á viðhorfi þeirra til ferðapjónustu og ferðamanna.	2017: Ábyrgð: Höfuðborgarstofa	Aðgerð er í ferli.
Vinna að samhæfingu í þróun og stýringu þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu með gerð stefnumarkandi áætlunargerðar (DMP) fyrir höfuðborgarsvæðið.	2019: Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Ferðamálastofa, Stjórnstöð ferðamála	Aðgerð er í ferli.
Vinna að því að sveitarfélög fái eðlilega og sanngjarna hlutdeild í beinum skatttekjum hins opinbera af ferðapjónustu. Aðgerðin sé hluti af heildstæðri endurskoðun á fyrirkomulagi og fjármögnun ferðamála á Íslandi.	2017: Ábyrgð: Borgarstjóri, borgarstjórn	

ÁBYRGÐ, FRAMHALD

Tryggja að umferðarþungi sem skapast hefur með fjölgun erlendra gesta í Reykjavík flæði sem skilvirkast í gegnum miðborgina, hópferðamiðstöðvar og sambærileg álagssvæði.	2017: Ábyrgð: USK, SEA, Höfuðborgarstofa	Aðgerð er í ferli.
Móta stefnu um heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík og afla heildstæðra upplýsinga um stöðu heimagistingar og íbúðagistingar í borginni.	2017: Ábyrgð: Borgarstjóri, borgarráð, MOF	
Beita sér fyrir því að nauðsynlegt eftirlit verði með heimagistingu og íbúðagistingu til að tryggja eftirfylgni með svartri atvinnustarfsemi. Í þessari aðgerð felst m.a. að skoða hvort eftirlitsþáttinn beri að færa til sveitarfélaga í stað ríkis.	2017: Ábyrgð: Borgarstjóri, MOF	Aðgerð er í ferli.
Setja fram tillögur að tölulegum markmiðum vegna uppbyggingar ferðapjónustu í Reykjavík.	2017: Ábyrgð: SEA, USK, Höfuðborgarstofa	Aðgerð er í ferli.
Vekja athygli á mikilvægi gæða í ferðapjónustu og styðja við fjölgun þeirra fyrirtækja sem hafa gæðavottun og/eða eru í Vakanum.	2017: Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, Ferðamálastofa, SAF	Aðgerð er í ferli.
Stuðla að sjálfbærni og góðu siðferði í ferðapjónustu með skilgreiningu Alþjóðaferðamálastofnunar að leiðarljósi þannig að komandi kynslóðir séu hafðar í huga í uppbyggingu ferðapjónustu í landi höfuðborgarinnar.	2017: Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, Stjórnstöð ferðamála, Ferðamálastofa, SAF, Festa	Aðgerð er í ferli.
Leita eftir samstarfi við alþjóðlega aðila um vottun gegn mansali og vændi á gististöðum og hótélum í Reykjavík.	2019: Ábyrgð: Ofbeldisvarnarnefnd, Mannréttindaskrifstofa, Höfuðborgarstofa	
Vekja athygli á mikilvægi og þýðingu ferðapjónustu fyrir hagkerfi og þjónustuframboð í Reykjavík þannig að íbúar fái upplýsingar og skýrari mynd af mikilvægi greinarinnar.	2017: Höfuðborgarstofa	
Móta samþykktir fyrir Höfuðborgarstofu sem endurspeglar breyttar áherslur í starfsemi stofnunarinnar vegna mikilvægi ferðapjónustunnar sem einnar grunnstoðar atvinnulífs í Reykjavík.	2018: Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, menningar og ferðamálaráð	
Koma á samstarfshópi lykilaðila innan Reykjavíkurborgar sem starfa á vettvangi ferðamála með það að markmiði að ýta undir sóknarfæri borgarinnar.	2018: Ábyrgð: Höfuðborgarstofa	
Tryggja að uppbygging hótela og gistirýmis eigi sér stað á nýjum svæðum innan borgarmarkanna með dreifingu ferðamanna, samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni í ferðapjónustu að leiðarljósi.	2017: Ábyrgð: USK, SEA	
Tryggja að samgöngumiðstöð rísi sem allra fyrst í Reykjavík til að stýra megi aukinni umferð vegna ferðamanna með skilvirkum hætti.	2019: Ábyrgð: SEA, USK, Höfuðborgarstofa	
Tryggja góðar almenningssamgöngur til að uppfylla ferðaparfir íbúa og ferðamanna til að dreifa álagi vegna fjölgunar þeirra sem í borginni dvelja á hverjum tíma.	2019: Ábyrgð: SEA, USK	

INNVIÐIR

Efla langtíma samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á vetvangi ferðaþjónustu og viðburða með samningi milli sveitarfélaganna.	2017: Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, nágrannasveitarfélög, SSH	Aðgerð er í ferli.
Móta rannsóknarstefnu og áætlun tengda ferðaþjónustu í Reykjavík til þriggja ára í senn. Í þessari aðgerð felst m.a. náið samstarf við Ferðamálastofu, Stjórnstöð ferðamála, háskólasamfélagið, einkaaðila, opinbera aðila og aðra.	2017: Ábyrgð: Höfuðborgarstofa	
Styðja við hafsækna ferðaþjónustu m.a. með stórbættri aðstöðu fyrir ferðaþjónustutengda starfsemi í Gömlu höfninni og efla Sjóminjasafnið sem hliðið að gömlu höfninni og Grandanum.	2017: Ábyrgð: USK, Faxaflóahafnir	
Auka samstarf við Faxaflóahafnir svo hámarka megi framlegð af heimsóknum skemmtiferðaskipa m.a. með því að Reykjavík verði skiptihöfn fyrir áhafnir og gesti og dreifa megi sem best álagi á innviði borgarinnar. Einnig verði settar kröfur um umgengni og umhverfisvernd í tengslum við heimsóknir skemmtiferðaskipa.	2017: Ábyrgð: Faxaflóahafnir, Höfuðborgarstofa	
Setja umhverfissgæði í borginni og markvissa þróun og kynningu á Reykjavík sem grænum áfangastað í forgang. Gestir borgarinnar hafi aðgang að umhverfissvænum samgöngum. Haldið verði áfram að bæta aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi í borginni.	2017: Ábyrgð: USK, SSH, Höfuðborgarstofa, Strætó	

VÖRUPRÓUN

Koma á laggirnar vöruþróunar- og nýsköpunarsjóði í samstarfi Reykjavíkurborgar, Nýsköpunarmiðstöðvar, Hönnunarmiðstöðvar, fjármálastofnana og fleiri aðila sem hefur það hlutverk að styðja frumkvöðla við að þróa nýmæli fyrir ferðamenn í Reykjavík utan háannar. Áherslur sjóðsins endurspegli fjórar stoðir og gildi Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.	2018: Ábyrgð: MOF	
Kanna kosti þess að setja upp sölugátt á visitreykjavik.is m.a. til að gera ferðamönnum kleift að bóka þar sem flest tengt heimsókn til Reykjavíkur og kaupa miða á viðburði.	2017: Ábyrgð: Höfuðborgarstofa	Aðgerð er í ferli.
Gestakort Reykjavíkur verði gert rafrænt og samstarfsaðilum kortsins gefinn tími til að aðlagast að því.	2018: Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, samstarfsaðilar Gestakorts	Aðgerð er í ferli.

KYNNINGARMÁL

Í öllum markaðsaðgerðum og sértækum markaðsverkefnum sé horft til þess að laða að borginni betur borgandi gesti.	2017: Ábyrgð: Höfuðborgarstofa	Aðgerð er í ferli.
Skilgreina segla á höfuðborgarsvæðinu sem heild, kortleggja þá og markaðssetja með það að leiðarljósi að dreifa álagi og auka arðsemi ferðaþjónustunnar.	2017: Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, nágrannasveitarfélög	Aðgerð er í ferli.
Styrkja vörumerkið Reykjavík með sérstækum aðgerðum og tryggja að mörkunin Reykjavík loves verði innleidd í kynningarstarfi helstu samstarfsaðila borgarinnar í ferðaþjónustu.	2019: Ábyrgð: Höfuðborgarstofa	
Kynna Reykjavík sem umhverfisvænan áfangastað og markaðssetja gagnvart ferðamönnum og ráðstefnugestum.	2017: Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, MIR	Aðgerð er í ferli.



MENNINGARBORGIN

Eitt af markmiðum menningarstefnu Reykjavíkurborgar er að í borginni verði mót ólíkra stefna og strauma og að menningarlífið einkennist af alþjóðlegum borgarbrag og menningarlegri sérstöðu. Fjölbreytt menningarlíf, árvissir viðburðir og aðlaðandi og skemmtileg miðborg eru forsendur þess að Reykjavík eflist sem áfangastaður. Áhersla á aðlaðandi miðborg, menningu og skapandi greinar hefur verið afgerandi og birtist í markvissum stuðningi og öfluggu kynningarstarfi Reykjavíkurborgar. Um leið hafa styrkar stoðir verið lagðar undir menningarstarf og viðburði sem stuðla að jákvæðu orðspori Reykjavíkur sem menningarborgar og laða til sín gesti árið um kring.

MARKMIÐ

Miðborgin verði gerð meira aðlaðandi og eftirsóknarverður áfangastaður fyrir bæði íbúa og gesti í Reykjavík.

AÐGERÐIR

Skilgreina og markaðssetja sérstaklega menningarmiðu Reykjavíkur og koma á samstarf menningarstofnana innan hennar, skipuleggjenda viðburða og annarra skilgreindra hagsmunaaðila í menningarstarfi.

Ábyrgð: Höfuðborgarstofa,
MOF, USK

Gera reglulegar og ítarlegri kannanir á viðhorfum og upplifun gesta í söfnum og sýningum í borginni og nýta niðurstöður til þróunar.

Ábyrgð: Höfuðborgarstofa,
MOF

MARKMIÐ

Tryggð verði samfella og framþróun í árvissum menningarviðburðum í Reykjavík sem laða jafnt innlenda sem erlenda gesti til borgarinnar. Upplýsingamiðlun og kynningarstarf um menningarlíf í Reykjavík verði öflugt og stuðli að fjölgun gesta og auknu vægi menningar fyrir ferðapjónustuna.

AÐGERÐIR

Móta viðburðastefnu fyrir Höfuðborgarstofu sem styður við Menningarstefnu og Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa	Aðgerð er í ferli.
Vinna að stofnun samráðsvettvangs stærri hátíða borgarinnar til að efla gæði hátíða og starfsumhverfi þeirra.	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa	Aðgerð er í ferli.
Skoðað ávinning af því að sækja stóra alþjóðlega viðburði til borgarinnar sem auðvelt er að tengja ráðstefnuhaldi.	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, MIR	
Velja og heimfæra staðal um aðgengilegt viðburðarhald unnið í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu. Þá þarf að gera það sama þegar kemur að grænu viðburðarhaldi. Loks þarf að hvetja viðburðarhaldara til að taka þátt í grænu og aðgengilegu viðburðarhaldi.	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, Mannréttindaskrifstofa, USK	
Einfalda regluverk fyrir matarmarkaði í Reykjavík. Útbúa skýrar og aðgengilegar upplýsingar til að einfalda þátttöku og uppsetningu á mörkuðum m.a. skoða einföldun leyfa.	Ábyrgð: USK	
Borgarlandið verði kortlagt sem vettvangur fyrir hátíðir og viðburði. Almennur verði hvattur til að setja upp stóra og smáa viðburð, hvort sem er í miðborginni eða úthverfum.	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, USK, Hverfisráð	
Efla vitund borgarbúa og erlendra ferðamanna um viðburðadagatal á vefsvæðinu visitreykjavik.is .	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, ÍTR, Hverfisráð	Aðgerð er í ferli.

MARKMIÐ

Saga og menningararfur Reykjavíkur verði sýnileg í borgarlandinu og áhersla lögð á menningarlega sérstöðu borgarinnar.

AÐGERÐIR

Fjölga menningarmerkingum í borginni fyrir íbúa og erlenda ferðamenn. Kortleggja þarf merkingarnar og koma inn á borgarvefsjá eða annað aðgengilegt form á netinu.	Ábyrgð: MOF, USK, menningarmerkingahópur	
Setja upp nýja grunnsýningu á Sjóminjasafninu í Reykjavík – Borgarsögusafn.	Ábyrgð: MOF, Borgarsögusafn	Aðgerð er í ferli.
Styðja við vörubróun og þróun þjónustu sem tengist þemaferðum í samhengi við tónlist og tónlistarviðburði.	Ábyrgð: MOF, ÚTÓN	

AÐGERÐIR, FRAMHALD

Vinna með Hönnunarmiðstöð Íslands að því að kynna Reykjavík sem áhugaverða hönnunarborg. Vinna með Hönnunarmiðstöð við að efla Hönnunarsvæði sem alþjóðlegan viðburð.	Ábyrgð: MOF, USK, Höfuðborgarstofa	
Leggja rækt við að efla kvikmyndaborgina Reykjavík sem styður við aukin áhrif erlendra kvikmynda og tónlistarmyndbanda sem tekin eru upp hér á landi.	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, Skrifstofa borgarstjóra, SEA	Aðgerð er í ferli.
Vinna með hátíðum að því að vekja athygli á Reykjavík sem áhugaverðri kvikmyndaborg og koma upp alhliða kvikmyndaveri sem hluta af framtíðarmynd borgarinnar.	Ábyrgð: SEA, Höfuðborgarstofa	Aðgerð er í ferli.
Reykjavík verði skilgreind sérstaklega sem tónlistarborg	Ábyrgð: MOF	Aðgerð er í ferli.

MARKMIÐ

Staða Reykjavíkur sem bókmenntaborgar Unesco verði þekkt og virt. Bókmenntaarfur þjóðarinnar verði gerður aðgengilegur með skapandi miðlun og öflugum kynningarstarfi.

AÐGERÐIR

Hvetja ferðaþjónustuna til að vinna með og nýta bókmenntaarfinn, samtímabókmenntir og velgengni íslenskra rithöfunda í starfi sínu.	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, Bókmenntaborgin	
---	---	--

MARKMIÐ

Byggð verði upp fjölbreytt barnamenning í Reykjavík og þannig rennt styrkari stoðum undir Reykjavík sem fjölskylduvænan áfangastað.

AÐGERÐIR

Fjölga fræðslu- og upplifunarmöguleikum í söfnum fyrir börn og fjölskyldur s.s. með þróun miðlunar innan safna borgarinnar og tilkomu nýrra safna.	Ábyrgð: MOF	Aðgerð er í ferli
Börn eigi sitt sköpunarsvæði á öllum menningarstofnunum borgarinnar, þar sem þau hafi aðstöðu til sköpunar í anda viðkomandi stofnunar.	Ábyrgð: MOF	Aðgerð er í ferli
Barnamenningarhátíð verði fest í sessi auk áherslu á viðburði fyrir börn á Menningarnótt, Vetrarhátíð og Aðventuhátíð.	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa	
Gera kort yfir skemmtileg leiksvæði/leikvelli í borginni á almenningssvæðum og inni í hverfum.	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, USK, Hverfisráð	
Gera kort yfir skemmtileg græn svæði í borginni, t.d. á Klambratúni, í Hljómskálagarði, Elliðaárdal og Heiðmörk.	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, USK	



RÁÐSTEFNUBORGIN

Ferðapjónusta tengd ráðstefnum, fundum og alþjóðlegum viðburðum er mikilvægt sóknarfæri fyrir Reykjavík á næstu árum. Tónlistar og ráðstefnuhúsið Harpa og önnur fjárfesting í borginni býður upp á dýrmæt tækifæri sem ber að nýta. Áfram verður lögð áhersla á markaðssetningu Reykjavíkur sem ráðstefnuborgar og samstarf við helstu hagsmunaaðila fest enn betur í sessi til laða áhugaverða alþjóðlegar ráðstefnur og viðburði til Reykjavíkur.

MARKMIÐ

2020 verði Reykjavík með eftirsóttustu ráðstefnu- og viðburðaborgum í norðanverðri Evrópu.

AÐGERÐIR

Reykjavíkurborg haldi áfram að vera helsti bakhjarl Meet in Reykjavík. Þar með verði tryggð áframhaldandi markaðssetning til betur borgandi gesta borgarinnar sem dreifist allt árið.

Ábyrgð: MOF, Borgarráð

Menningar- og ráðstefnuborgin Reykjavík verði eftld með því að komið verði á fót 2 - 3 alþjóðlega viðurkenndum, reglubundnum viðburðum sem kenndir eru við Reykjavík og laða til borgarinnar betur borgandi ferðamenn utan háannar.

Ábyrgð: MIR

Vinna í því að fá ráðstefnugesti til þess að koma aftur til Reykjavíkur á eigin vegum með fjölskyldu og vinum með markvissum aðgerðum.

Ábyrgð: MIR,
Höfuðborgarstofa

AÐGERÐIR, FRAMHALD

Útbúa miðlægan gagnagrunn um MICE tengda viðburði.	Ábyrgð: MIR, Höfuðborgarstofa	
Tengja Gestakort Reykjavíkur við grunnskráningarpakka ráðstefnugesta sem hluta af ráðstefnugjaldi.	Ábyrgð: MIR, Höfuðborgarstofa	
Kynna fyrir ferðapjónustufyrirtækjum yfirlit yfir viðburði Reykjavíkur og stærstu ráðstefnur framundan og hvetja til markvissrar vörupróunar og kynningar á þjónustu og ferðum tengdum þeim.	Ábyrgð: MIR, Höfuðborgarstofa	
Búa til hvatakerfi fyrir ráðstefnuhald að vetrarlagi.	Ábyrgð: MIR, Höfuðborgarstofa	
Byggja upp sértæka nálgun á „Sport í Reykjavík“ með samstarfshópi lykilaðila til að stuðla að komu alþjóðlegra íþróttaviðburða til Reykjavíkur.	Ábyrgð: MIR, Höfuðborgarstofa	Aðgerð er í ferli
Framkvæma reglulegar viðhorfskannanir meðal ráðstefnugesta til að styrkja ákvörðunartöku varðandi markaðssetningu og vörupróun.	Ábyrgð: MIR	

MARKMIÐ

Græn og umhverfisvæn starfsemi og ímynd Reykjavíkur laði að ráðstefnur og viðburði.

AÐGERÐIR

Velja og heimfæra staðal um grænt ráðstefnuhald og hvetja ráðstefnuhaldara til að taka þátt í þeim staðli sem Reykjavíkurborg, Höfuðborgarstofa og MIR velja.	Ábyrgð: MIR, Höfuðborgarstofa	
Hefja uppbyggingu á „ráðstefnuskógi“ í borgarlandinu til kolefnisjöfnunar á ferðum ráðstefnugesta sem og fyrir stærri hópa sem vilja skilja eftir sig jákvætt fótspor.	Ábyrgð: MIR, Höfuðborgarstofa	



Áhersla er lögð á að gera Reykjavík að eftirsóknarverðum áfangastað allt árið um kring og er vöxtur í ferðaþjónustu nú meiri að vetrarlagi en sumarlagi. Samstillt átak borgarinnar og ferðaþjónustuaðila hefur aukið möguleika á heilsársstörfum og stuðlað þar með að aukinni fagmennsku, stöðugleika og arðsemi í greininni. Vetrarborgin hvílir á markvissri þróun og nýsköpun í affreyingu, viðburðahaldi, menningu og skapandi greinum sem laðar gesti til Reykjavíkur allt árið um kring.

MARKMIÐ

Jólaborgin Reykjavík verði markaðssett sérstaklega og lögð áhersla á að fjölga gestum og auka verslun á aðventunni.

AÐGERÐIR


Skreytingar og lýsing í borginni verði auknar á jólatímabilinu með áherslu á fyrsta flokks hönnun með lengingu tímabilsins í huga.	Ábyrgð: USK	Aðgerð er í ferli.
Þróa jólasvæði víða um borgina, m.a. í Laugardal, á Árbæjarsafni og í Viðey og kynna vel fyrir ferðamönnum.	Ábyrgð: MOF, USK	Aðgerð er í ferli.
Vinna markvissst í að efla viðburði og hátíðir í desember og gera aðgengilegri fyrir erlenda gesti.	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa	Aðgerð er í ferli.
Gera þemakort af jólasvæðum á höfuðborgarsvæðinu með upplýsingum um staðsetningu og fjarlægð frá miðbæ.	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa	

MARKMIÐ

Reykjavík verði ákjósanlegur áfangastaður yfir vetrartímann fyrir þá sem vilja slaka á og byggja upp líkama og sál.

AÐGERÐIR

Stuðla að aukinni útiveru og auknum lífsgæðum borgarbúa og gesta á vetrum, með skjólveggjum, hita í göngustígum, yfirbyggingum, markísum, hitalömpum og öðrum aðgerðum.	Ábyrgð: USK, Höfuðborgarstofa	Aðgerð er í ferli.
Leggja áherslu á vörupróun sem tengist vetrarstemmingu, rómantík og upplifun.	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, USK, SEA	Aðgerð er í ferli.
Vinna markvisst í að efla viðburði og hátíðir yfir vetrarmánuðina, s.s. Desember í Reykjavík, áramót, þrettándabrennur og Vetrarhátíð.	Ábyrgð: MOF, Höfuðborgarstofa	Aðgerð er í ferli.
Fjölga friðartengdum viðburðum í borginni meðal annars í tengslum við Tendrun Friðarsúlunnar og Höfða friðarsetri.	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa, Höfði friðarsetur	
Efla Vetrarhátíð á ný og leggja enn frekari áherslu á stoðir sem tengja saman sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.	Ábyrgð: Höfuðborgarstofa	Aðgerð er í ferli.
Gera vetrarútfærslu á Torg í biðstöðu verkefninu út frá vetrarstemmingu.	Ábyrgð: USK	



HEILSUBORGIN

Sérstaða og sóknarfæri Reykjavíkur liggja ekki eingöngu í nábyli borgarinnar við einstaka náttúru, ómengað umhverfi og nýtingu hreinnar orku, heldur ekki síður í villtri og manngerðri náttúru innan sjálfra borgarmarkanna. Fjölbreytt nýting á heitu og köldu vatni, bætt aðstaða og innviðir til útivistar og íþróttaiðkunar, nýsköpun í vöruþróun og aukin áhersla á gæði eru allt mikilvægir velgengnisþættir Heilsuborgarinnar.

MARKMIÐ

Baðmenning þróist enn frekar og verði eitt af aðaleinkennum Reykjavíkur. Boðið verði upp á heildarupplifun í baðtengdri vellíðunar- og heilsuferðaþjónustu sem verði alþjóðlega þekkt og eftirsótt.

AÐGERÐIR

Vinna vöruþróun í sundlaugunum á höfuðborgarsvæðinu með fjölbreytni og sérstöðu að leiðarljósi.	Ábyrgð: ÍTR, Höfuðborgarstofa
Efla og þróa Nauthólsvík sem baðstað og áfangastað.	Ábyrgð: ÍTR, SEA, Höfuðborgarstofa
Efla aðra starfsemi sem heyrir undir ÍTR í þágu ferðamanna í borginni.	Ábyrgð: ÍTR
Lengja opnunartíma ákveðinna sundlauga og einkaaðilum gert mögulegt að leigja aðstöðu af borginni með kyrrðarupplifun í forgrunni.	Ábyrgð: ÍTR

MARKMIÐ

Aðgengi ferðamanna að útivistarsvæðum og náttúruperlum í og við Reykjavík verði stórbætt og lög áhersla á aukna vöruþróun og nýsköpun.

AÐGERÐIR

Gera náttúruna og útivistarsvæði í nágrenni borgarinnar enn aðgengilegri með bættum almenningssamgöngum og þróun svæða.	Ábyrgð: USK, Höfuðborgarstofa
---	-------------------------------

MARKMIÐ

Samgöngukerfi borgarinnar setji lýðheilsu borgarbúa og ferðamanna í forgang með áherslu á vistvænar, heilsueflandi samgöngur.

AÐGERÐIR

Bæta og samræma merkingar fyrir gangandi og hjólandi í miðborginni.	Ábyrgð: USK, Höfuðborgarstofa
Bæta merkingar göngu- og hjólaleiða á íslensku og ensku og kynna vel fyrir ferðamönnum.	Ábyrgð: USK, Höfuðborgarstofa

MARKMIÐ

Reykjavík verði þekkt fyrir fjölbreytt úrval alþjóðlegra heilsu- og umhverfistengdra viðburða.

AÐGERÐIR

Koma á fót samstarfshópi lykilaðila í Laugardal á vettvangi Ráðstefnuborgarinnar með það að markmiði að fjölga alþjóðlegum íþróttaviðburðum í Reykjavík.	Ábyrgð: MIR, ÍBR
--	------------------

